



Starfsáætlun Stjórnuheima

2022-2023

Efnisyfirlit

Starfsáætlun Stjörnuheima	3
Hagnýtar upplýsingar	3
Fjöldi barna í frístund	3
Opnunartími	3
Gjaldskrá , umsóknir og innheimta	4
Starfið í vetur - frístund	5
Starfsemi	5
Reynslunám	5
Dagskipulag	5
Starfið í vetur – klúbbastarf.....	6
Tómstundir	6
Skólabragur Vatnsendaskóla og Stjörnuheima	7
Skólareglur Vatnsendaskóla og Stjörnuheima	8
Barnaráð	8
Foreldrasamstarf	8
Öryggi og verkferlar.....	9
Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna	9
Áverkar	10
Á ferð með börnin	11
Á ferð með nemendur og aðstoð í íþróttarútu	12
Rýmingaráætlun	13
Viðbrögð við vá.....	14
Hressing.....	14
Innra mat.....	14
Símenntunaráætlun	14
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	15

Starfsáætlun Stjörnuheima

Hagnýtar upplýsingar

Frístund Vatnsendaskóla ber heitið Stjörnuheimar. Forstöðumaður Stjörnuheima er Ari Magnús Þorgeirsson og aðstoðarforstöðumaður er Guðleif Margrét Þórðardóttir.

Hægt er að hafa samband í síma 441-4000 eða í síma 621-4170 fyrir kl 13:00 á daginn. Seinna númerið er notað þegar nauðsynlega þarf að ná í starfsfólk eftir hádegi. Einnig er hægt að senda tölvupóst á arimagnus@kopavogur.is

Fjöldi barna í frístund

1.bekkur: 52 nemendur

2. bekkur: 47 nemendur

3.-4.bekkur: 39 nemendur

Samtals 138 börn skráð í frístund 1. október 2022

Opnunartími

Opnunartími Stjörnuheima er frá 13:20 til 17:00 alla virka daga nema þá tvo skipulagsdaga sem frístundin hefur. Einnig er lokað í vetrarfríum en frístundin er opin milli jóla og nýárs og í dymbilviku. Lokað er 23., 24. og 31. desember.

Gjaldskrá , umsóknir og innheimta

Sækja skal um frístund í gegnum skráningarkerfið Vala í þjónustugátt á

<https://thjonustugatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>. Greiðsluseðill er sendur í heimabanka forráðamanns þess sem er skráður fyrir greiðslunni og kemur hann í byrjun hvers mánaðar.

Sérstök skráning fer fram auka daga ásamt því að sérstakt gjald er tekið fyrir. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í gjaldskrá Kópavogsbæjar. Ekki verður tekið á móti óskráðum börnum.

Gjaldskrá frístunda í Kópavogi má nálgast hér <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Uppsögn fer fram í þjónustugátt á <https://thjonustugatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2f>

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfið í vetur - frístund

Starfsemi

Markmið Stjörnuheima eru:

- Að barninu líði vel
- Að frístundin sé öruggt umhverfi þar sem börn geti átt í samskiptum við jafnaldra sína jafnt sem fullorðna.
- Lýðræði – að barnið geti valið sér verkefni við sitt hæfi og áhugasvið

Markmið Stjörnuheima er að bjóða upp á fjölbreytt tólstundastarf og koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum og að unnið sé út frá styrkleikum barnanna.

Starfið í Stjörnuheimum byggist mikið á vali og eiga öll börn að vera með valspjald sem er merkt með nafni þar sem hver árgangur á sinn lit. Með skipulagi valsins virkjum við lýðræði barnanna, við gefum þeim tiltekin völd til þess að taka ákvarðanir og þeim er sýnd virðing af hálfu okkar fullorðna fólksins. Með því viljum við stuðla að því að börnin upplifi að hinir fullorðnu virði þau sem einstaklinga, virði hæfni þeirra til þess að taka ákvarðanir og þeirra eigin skoðanir.

Reynslunám

Hugtakið „Learning by doing“ eða „reynslunám“ er mjög lýsandi fyrir hugmyndafræði Dewey. Hann leggur áherslu á reynslu en í henni felst ekki vitneskja heldur virkni einstaklings sem er samofin umhverfinu. Öll reynsla felur í sér athöfn og afleiðingu sem einstaklingur tengir saman sem nýtist svo síðar meir þegar tekist er á við nýtt viðfangsefni. Í okkar huga er mikilvægt að börnin læri af reynslunni og nýti sér umhverfið til að takast á við áskoranir sem efla líkamlega-, andlega- og félagslega færni.

Dagskipulag

Dagskrá frístundaheimili er eftirfarandi:

- Móttaka - kl:13:20
- Fyrri val kl:13:20-14:20
- Hressing 14:20-14:30
- Útivera 14:30-15:10
- Seinna val 15:10-16:10
- Rólegheit og frjáls leikur - 16:10-17:00

Starfið í vetur

Við leggjum mikla áherslu á val og klúbba og erum með það alla daga vikunnar:

- Kubbaklúbbur
- Dans- og hreyfíklúbbur
- Bakstur
- Sköpunarklúbbur
- Perluklúbbur
- Spilaklúbbur
- Skák
- Íþróttahúsið á þriðjudögum og miðvikudögum
- Útiklúbbur
- Hjólaklúbbur
- Söngklúbbur
- Íþróttaklúbbur

Í anddyri er stór tafla upp á vegg í því rými sem börnin koma inn í frístundina. Starfið í Stjörnuheimum byggist mikið á vali og eiga öll börn að vera með sem er merkt með nafni þar sem hver árgangur á sinn lit sinni. Þetta hefur reynst vel og börnin eru ánægð með þetta fyrirkomulag. Valið byrjar strax að skóla loknum og stendur til kl 16:10. Á föstudögum bregðum við út af vananum og höfum bíó eftir hressingu. Þá söfnumst við saman í hátíðarsal skólans og horfum á bíómynd saman.

Tómstundir

Tómstundir skipa stóran sess í frítíma margra barna og því er afar mikilvægt að samskipti og samvinna sé góð á milli Stjörnuheima og íþróttafélaganna (Gerplu og HK). Íþróttafélögin í Kópavogi bjóða upp á íþróttavagna sem stoppa við alla skóla Kópavogs reglulega yfir daginn daginn. Foreldrar þurfa að upplýsa forstöðumann um það ef senda á barnið í rútu og skrá það í frístundakerfinu Vala, og þá sjá starfsmenn um að senda börnin í rútu. Börnum er fylgt út að rútu og þar taka starfsmenn íþróttafélaganna við þeim.

Markmið Stjörnuheima er að senda út fréttabréf 1x í viku. Það er gert til að veita foreldrum innsýn inn í starfið.

STJÖRNUHEIMAR  28.-02. SEPTEMBER OKTÓBER 1&2 BEKKUR S:6214171 ARIMAGNUS@KOPAVOGUR.IS	MÁNUDAGUR 28. SEPTEMBER HREYFILEIKUR JUST DANCE	ÞRIÐJUDAGUR 29. SEPTEMBER TÖLVUR 1.BEKKUR ÍÞRÓTTAHÚS
MIDVIKUDAGUR 30. SEPTEMBER VÍSINDASMIÐJA 2. 3.&4 bekkur íþróttahús (14:20-15:00)	FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER GÖNGUFERÐ	FÖSTUDAGUR 2. OKTÓBER SÖNGSTUND Föstudags Bíó

Dæmi um dagskrá sem er send vikulega.

Skólabragur Vatnsendaskóla og Stjörnuheima

Í Stjörnuheimum er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Mikilvægt er að allir sem í frístundinni starfa stuðli að og viðhaldi góðum starfsanda þar sem öryggi, vellíðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma eru höfð að leiðarljósi í skólastarfinu. Starfsfólk Vatnsendaskóla vinnur samkvæmt stefnunni Uppeldi til ábyrgðar, uppbyggingu sjálfsaga sem byggt er á kenningum Diane Gossen. Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjörnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist vel inn í starfsemi frístundar þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Skólareglur Vatnsendaskóla og Stjörnuheima

Í skólanum eiga allir nemendur rétt á að vera öryggir og geta sinnt námi sínu og leikið sér án áreitiss og truflunar frá öðrum. Það þýðir að nemendur:

- sýna hver öðrum og starfsfólki virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans.
- sitja með öryggisbelti spennt á meðan íþrótta- og sund rúta er á ferð.
- eru á skólalóðinni á skólatíma nema með sérstöku leyfi kennara eða annarra starfsmanna skólans.
- nota hvorki reiðhjól, vespur, rafhjól, línuskauta, hjólaskó, hjólabretti né hlaupahjól á skólalóðinni á skólatíma.

Nemendur hafa ákveðnum skyldum að gegna í skólanum. Það þýðir að nemendur:

- ganga um ganga skólans og eru ekki með háreysti á ferðum sínum um skólann, í matsal eða kennslustofum.
- ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og eigur hans, svo sem bækur, spjaldtölvur og önnur kennslugögn, kennsluáhöld og húsgögn.
- fara í röð fyrir framan íþrótta- og sundrútu áður en þeim er hleypt inn í hana.
- fylgja fyrirmælum starfsfólks varðandi notkun GSM síma, snjallúra og spjaldtölva á skólatíma.

Barnaráð

Við störfum í anda lýðræðis og er stefnan að halda úti barnaráði. Í barnaráði munu börnin fá að hafa áhrif á starfsemi frístundastarfsins. Stefnan er að allir muni fá að sitja barnaráðsfund á einhverjum tímamarki yfir skólaárið. Þetta er mikilvægur liður í starfseminni og stuðlar að því að börnin finni að þau stjórni að miklu leyti frítíma sínum sjálf undir eftirliti. Dæmi um þætti sem þau geta haft áhrif á er t.d. hvað er gert í frístund/val, hvað er í boði í hressingu, hvað er boðið upp á í afmæliskaffi og hvaða dót er í boði.

Foreldrasamstarf


Gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum góðs skólastarfs og stuðlar að ánægju og vellíðan nemenda. Til þess að samskipti verði góð og árangursrík þurfa allir starfsmenn skólans og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Foreldrar og forráðamenn bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Skólinn aðstoðar þá í uppeldishlutverkinu og skapar menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni skólans og heimilanna. Öll þátttaka foreldra í skólastarfinu er mikilvæg. Má þar nefna virka þátttöku í foreldrafélagi og bekkjarstarfi. Ýmsir þættir geta eflt samstarf milli foreldra og starfsmanna frístundar eins og fréttabréf. Einnig er mikilvægt að samskipti forstöðumanns við foreldra séu góð.

Öryggi og verkferlar

Fyrirkomulag inn- og útskráningar barna

Veikindi og forföll á að tilkynna til skólaritara og forstöðumenn fara yfir skráningar dagsins í Mentor. Ef barn mætir í skólann en fær frí í frístund þarf að láta forstöðumann vita fyrir kl 13:00 á daginn.

Öryggi barnanna á alltaf að vera í fyrirrúmi. Ætlast er til að starfsfólk frístundar þekki öryggis- og vinnureglur sem í gildi eru:



EF ÞAÐ KEMUR ÍTREKAÐ FYRIR AÐ BARN SKILI SÉR EKKI Í FRÍSTUND VERÐA FORRÁÐAMENN OG FORSTÖÐUMAÐUR AÐ RÆÐA SAMAN AÐ LEIÐUM TIL ÚRBÓTA.

Áverkar

Áverkar

Smávægilegir áverkar

Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur.

Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum. Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

Alvarlegir áverkar

Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl.

Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp.

Starfsfólk skiptir með sér verkum og sér til þess að sinna öðrum börnum.

Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt í 112 og barni fylgt á slysadeild.

Haft er samband við forráðamenn.

Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Höfuðhögg

Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma.

Gera skal skýrslu um slysið.

Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpenna eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

Á ferð með börnin

Á ferð með börnin

Ferð undir- búin



Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/ aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma.

Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer.

Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka.

Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn.

Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

Farið yfir götu



Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrir en hópurinn er tilbúinn að fara yfir götuna.

Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir.

Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.



Á ferð með nemendur og aðstoð í íþróttarútu

Á ferð með börnin

Strætóferðir

Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.

Kynna sér vel tímaáætlun strætó.

Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út úr strætó.

Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð.

Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort.

Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.

Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó.

Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn.

Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

Farið í íþróttarútu

Starfsmenn frístunda sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.

Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spennu öryggisbelti o.fl.

Á ferð með börnin

Almennings garðar



Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bælistöðinni til öryggis.

Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt.

Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir



Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins.

Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur.

Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.



Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er til í hverri kennslustofu. Brunaæfingar eru haldnar tvisvar á ári og þá er húsið rýmt.

Rýmingaráætlun er kynnt á kennarafundi að hausti og farið yfir hvernig henni verður hagað yfir veturinn. Fyrri æfingin er að hausti og er auglýst því þá er verið að æfa nemendur í að fara í röð og fara á sinn stað úti. Þá er tekinn tími til að kanna hversu fljótir nemendur eru að tæma skólann. Seinni æfingin er eftir áramót og er sú æfing óundirbúin. Á næsta kennarafundi eftir æfingarnar er farið yfir það sem gekk vel og hvað betur mátti fara.

Viðbrögð við vá

Sjá meðfylgjandi skýrslur:

Viðbrögð við óveðri: <http://shs.is/index.php/fraedsla/roskun-a-skolastarfi/>

Viðbrögð við jarðskjálftum: <https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vidjardskjalfta/>

Hressing

Síðdegishressing Stjörnuheima fer fram 14:20-14:30. Lagt er upp úr því að hressingin sé holl og góð en 1x í mánuði gerum við okkur dagamun og höfum spariveitingar eins og t.d. snúða, kleinur, kleinuhringi, köku, kakó og þess háttar. Einnig er markmiðið að hafa afmæliskaffi síðasta föstudag hvers mánaðar. Þá eru afmælisbörnin lesin upp og afmælissöngurinn sunginn fyrir þau. Eftir það er boðið upp á góðgæti líkt og spariveitingar. Það koma einnig dagar þar sem boðið er upp á spariveitingar eins og á öskudag eða síðasta dag fyrir jól og páska.

Innra mat

Markmið frístundar er að koma á fót innra mati með því að leggja fyrir skoðanakannanir – bæði fyrir foreldra og börn. Stefnan er að gera það 1x á ári eða að vori. Þannig áttum við okkur á því hvað við þurfum að leggja áherslu á og laga fyrir næsta skólaár. Mikilvægt er að öllum börnunum líði vel hjá okkur og séu sátt að koma í frístund og er þetta liður í að stuðla að því.

Símenntunaráætlun

Af mörgu er að taka þegar umbætur í skólum eru annars vegar. Þó margt sé vel gert má alltaf gera enn betur. Það að ígrunda starf sitt og spyrja sig gagnrýnna spurninga er eðlilegur hluti skólastarfs. Það að festast í viðjum vanans er ávísun á stöðnun sem að lokum kæfir allan sköpunarkraft starfsfólks og kemur það að lokum niður á námi og líðan nemenda. Þess vegna er mikilvægt að starfsfólk fái aðgang að endurmenntunarnámskeiðum og reynt er að koma þeim námskeiðum að á starfsdögum. Skyndihjálparnámskeið eru haldin að hausti þar sem farið er yfir mikilvæga þætti er varða öryggi en þá er sérstaklega einblínt á öryggi barna. Stoðteymi skólans er á hverju hausti með fræðslu um helstu greiningar og hvernig á að nálgast nemendur með frávík.

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Starfsmenn frístundar	
Ari Magnús Þorgeirsson	Forstöðumaður
Guðleif Margrét Þórðardóttir	Aðstoðar forstöðumaður
Ingibjörg Erla Garðarsdóttir	frístundaleiðbeinandi
Snjezana Pjevic	frístundaleiðbeinandi
Dilara Rós	frístundaleiðbeinandi
Ágúst Geir Torfason	frístundaleiðbeinandi
Hana Salim Wahba	frístundaleiðbeinandi
Thelma Rut Jónsdóttir	frístundaleiðbeinandi
Helga Bjarnadóttir	frístundaleiðbeinandi
Daníel Finns	frístundaleiðbeinandi
Kristín Helga Hákonardóttir	frístundaleiðbeinandi
Gunnar Bjarnason	frístundaleiðbeinandi